VET-READY

# WP3 A2 Efni fyrir nemendapróf

## Fjölvalspróf til að meta þekkingu og hæfni

## EINING 1: VIÐBÚNAÐUR OG VIÐBRÖGÐ HEIMILA VIÐ HAMFÖRUM

## ÞJÁLFUNARLOTA 5: Að skilja sálræn viðbrögð fólks við hamförum á heimilum

Verkefnanúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287

Co-funded by the European Union

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og þau viðhorf sem koma hér fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspegla ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né styrkveitendur bera ábyrgð á innihaldi verkefnisins

| Spurning | Svarmöguleikar (merkið rétt svar með x) | |
|---|---|---|
| 1. Við bruna heimilis tekur foreldri eftir því að barnið sitt er í miklu uppnámi. Hvaða nálgun styður best við andlega líðan barnsins? | a. Öskra á barnið og segja því að flýta sér | |
| | b. Veita rólega leiðsögn, róa barnið og leggja áherslu á öryggi | x |
| | c. Láta barnið takast á við aðstæðurnar sjálft | |
| | d. Hvetja barnið til að leysa vandann eitt og sér | |
| 2. Heimili verður skyndilega fyrir vatns- og rafmagnsleysi. Hver af eftirfarandi aðgerðum styður best við andlega heilsu? | a. Missa stjórn á sér af hræðslu, yfirgefa húsið og kenna öðrum um | |
| | b. Halda í daglegar venjur, eiga samskipti við fjölskyldu og einbeita sér að framkvæmanlegum verkefnum | x |
| | c. Hunsa aðstæðurnar þar til þær leysast af sjálfu sér | |
| | d. Einblína eingöngu á uppfærslur á samfélagsmiðlum | |
| 3. Hvaða fullyrðing útskýrir best hvers vegna matarmengun getur haft áhrif á geðheilsu á heimilinu? | a. Aðeins líkamleg veikindi koma fram; andleg áhrif eru lítil | |
| | b. Þættir eins og kvíði, sektarkennd og ofurárvekni aukast, sérstaklega hjá forræðamönnum barna og/eða aldraðra | x |
| | c. Matarmengun getur valdið leiðindum og óróleika | |
| | d. Matarmengun hefur aðeins áhrif á þau sem borða matinn | |
| 4. Grunur leikur á gasleka á heimili. Hvers vegna skiptir sköpum að ná strax tökum á tilfinningum sínum? | a. Tilfinningastjórn skiptir ekki máli; aðeins líkamlegar aðgerðir skipta máli | |
| | b. Ofsahræðsla getur skert dómgreind og aukið hættu á sprengingu eða meiðslum | x |
| | c. Að halda ró sinni hefur engin áhrif á öryggi | |
| | d. Það gerir nemandanum kleift að greina efnasamsetningu | |

| | | |
|---|---|---|
| 5. Hvert eftirfarandi er gott dæmi um að takast á við óvissu í hamförum á heimili? | a. Bíða eftir að einhver annar taki ákvörðun á meðan ekkert er gert | |
| | b. Meta áhættu, gera áætlanir og veita heimilismeðlimum tilfinningalegan stuðning | x |
| | c. Hunsa aðstæðurnar þar til yfirvöld mæta á staðinn | |
| | d. Einblína eingöngu á heimilisstörf | |
| 6. Í faraldri veikist fjölskyldumeðlimur heima fyrir. Hvaða aðgerð ætti umönnunaraðili tafarlaust að grípa til svo hann geti stuðst við líða viðkomandi? | a. Hunsa einkenni og halda áfram með venjulegar athafnir | |
| | b. Fylgjast með einkennum, veita huggun og fylgja heilbrigðisleiðbeiningum | x |
| | c. Fara út úr húsinu til að forðast streitu | |
| | d. Bíða í nokkra daga áður en staða viðkomandi er könnuð | |
| 7. Hvers vegna geta lítil efnaslys á heimilum verið sálrænt krefjandi? | a. Þau valda alltaf líkamlegum meiðslum | |
| | b. Ótti við mengun, áhyggjur af börnum og gæludýrum og áhyggjur um rétt viðbrögð auka kvíða | x |
| | c. Þau leiða yfirleitt til þess að heimilismenn hafa ekkert að gera | |
| | d. Auðvelt er að hunsa efnaslys, þannig að engin áhrif sálræn áhrif eiga sér stað | |
| 8. Lítill eldur kviknar í eldhúsinu. Hvaða aðgerð ættu nemendur að forgangsraða fyrst? | a. Hringja í neyðarþjónustu og tryggja að allir séu öruggir | x |
| | b. Reyna að slökkva eldinn án þess að meta áhættu | |
| | c. Halda áfram að elda og hunsa eldinn | |
| | d. Taka myndir af vettvangi | |
| | a. Slökkva á tækjum, opna fyrir loftræstingu á svæðinu og rýma ef þörf krefur | x |

| | | |
|---|---|---|
| 9. Eftir að lítilsháttar gasleki greinist á heimili, hvaða aðgerð dregur best úr áhættu? | b. Opna glugga og halda áfram með venjulegar athafnir | |
| | c. Kveikja á eldspýtum til að kanna hvort gas sé til staðar | |
| | d. Hunsa hann þar til lyktin verður sterkari | |
| 10. Hvers vegna skiptir máli að halda í daglegar venjur við truflanir á grunnþjónustu eða í sóttkví heima? | a. Venjur koma einungis í veg fyrir það að heimilisfólk fari að leiðast | |
| | b. Þær styðja við tilfinningalegan stöðugleika, draga úr kvíða og viðhalda tilfinningu um stjórn | x |
| | c. Þær auka áhættu á meiðslum | |
| | d. Þær tryggja að fjölskyldan fylgi ströngu skipulagi óháð líðan | |

VET-READY

**Yourwebsitename.eu**

Fylgið okkur

Co-funded by
the European Union